

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um að bílastæði fylgi hverri íbúð í Reykjavík

Borgarstjórn samþykkir að reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík verði endurskoðaðar með það að markmiði að við framtíðar deiliskipulagsvinnu og útgáfu byggingarleyfa í Reykjavík skuli að jafnaði vera heimilt að hafa eitt bílastæði með hverri íbúð í nýbyggingum, nema sérstakar skipulagslegar aðstæður kalli á annað.

Greinargerð

Reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík kveða á um fjölda bílastæða í borgarlandinu. Þar kemur fram að að draga eigi úr fjölda bílastæða, fækka þeim sérstaklega á nýbyggingarreitum og setja kvaðir á fyrirtæki og stofnanir um að taka upp gjaldskyldu bílastæða. Í eftirfarandi töflu sjást núverandi viðmið sem óskað er eftir að endurskoðuð verði ásamt reglunum í heild.

Tafla 1 Kröfur um fjölda bíla- og hjólastæða fyrir íbúðarhúsnæði. Fjöldi bílastæða fer eftir stærð íbúða.

KRÖFUR UM FJÖLDA BÍLA- OG HJÓLASTÆÐA Í REYKJAVÍK						
		BÍLASTÆÐI				HJÓLASTÆÐI
		SVÆÐI I		SVÆÐI II		SVÆÐI I og II
		Viðmið	Hámark	Viðmið	Hámark	Lágmark*
ÍBÚÐARHÚSNÆÐI		(stæði/íbúð)				
Fjölbýli/sérbýli ¹	1 herbergi	0,25	0,75	0,5	1	2
	2 herbergi	0,5	0,75	0,75	1	
	3 herbergi	0,75	1	1	1,5	
	4+ herbergi	0,75	1	1	1,5	
	Gestir	0,1 pr. íbúð		0,1 pr. íbúð		-
Námsmannaíbúðir ²	1-2 herbergi	0	0,2	0,2	0,5	1-2
	3 herbergi	0	0,2	0,2	1	2
	4+ herbergi	0	0,4	0,4	1	
Hjúkrunar- og dvalarheimili ³	Miða við 0,1 gestastæði pr. rúm. Fjöldi starfsmannastæða skal meta hverju sinni.					

Uppbyggingaraðilar og fasteignasalar hafa undanfarin misseri bent á að hægst hefur mjög á sölu íbúða þar sem bílastæði fylgja ekki íbúðum. Margt annað hefur eðli máls samkvæmt áhrif á söluhraða íbúða eins og lántökuskilyrði og vaxtastig en í ljósi þróunar undanfarinna missera og mikillar umræðu um bílastæðaskort á nýjum þéttingarreitum og afar dræma sölu nýrra íbúða þar er fullt tilefni til að endurskoða bílastæðastefnu borgarinnar.

Þá hafa einnig vaknað áhyggjur af því að íbúðir án bílastæða séu í auknum mæli keyptar af fjárfestingarfélögum sem nýta þær til skammtímaleigu, t.d. í gegnum AirBnb. Þessi þróun dregur úr framboði á íbúðarhúsnæði fyrir fólk sem vill búa í borginni. Þetta hefur einnig bein áhrif á samfélagsgerð hverfa og grefur undan markmiðum borgarinnar um að tryggja aðgengi að stöðugu og öruggu húsnæði fyrir almenning.

Skylda kjörinna fulltrúa er að huga að ólíkum þörfum íbúa borgarinnar. Fjölskyldubílinn er enn algengasti ferðamáti almennings, sérstaklega hjá fjölskyldufólki, eldri borgurum og fólki með fötlun. Þrátt fyrir að brýnt sé að efla notkun almenningsgangna og hjólreiðar þá má ekki ganga fram hjá þörfum íbúa fyrir bílastæði við heimili þeirra. Of stíf bílastæðastefna dregur á endanum úr jafnræði og aðgengi fólks til þess að velja sér búsetu í hverfum Reykjavíkur.

Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að borgin endurskoði stefnu sína um fjölda bílastæða við nýjar íbúðir og taki upp það viðmið að hverri íbúð fylgi bílastæði nema sérstakar skipulagslegar aðstæður krefjist annars.